

Nd.

632. Breytingartillögur

[50. mál]

við frv. til laga um Skipaskoðun ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Siglingamálastofnun ríkisins starfar undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með siglingamál.
2. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðanna „Skipaskoðunar ríkisins“ í upphafi greinarinnar komi: Siglingamálastofnun ríkisins.
 - b. Í stað orðanna „öryggismál skipa“ í 1. tölul. komi: siglingamál.
 - c. Í stað heitisins „Skipaskoðun ríkisins“ í 2. tölul. og hvarvetna síðar í frv. komi (í viðeigandi beygingarföllum): Siglingamálastofnunin.
 - d. Við 6. tölul. Liðurinn orðist svo:
Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi. Rita umsögn um sjópróf til saksóknara ríkisins. Birta niðurstöður rannsókna á sjóslys-um árlega eða oftár, þegar sérstök ástæða þykir til.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna „öryggismál skipa“ komi: siglingamál.
4. Við 4. gr. Í stað orðsins „skipaskoðunarstjóri“ í greininni og hvarvetna síðar í frv. komi (í viðeigandi beygingarföllum): siglingamálastjóri.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Ráðherra skipar fasta starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra. Fast starfsfólk Siglingamálastofnunarinnar tekur laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisins.
Skipaskoðunarmenn og skipamælingamenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum siglingamálastjóra.
Ekki má siglingamálastjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Siglingamálastofnuninni, hafa á hendi störf, sem ósamrýmanleg eru stöðum þeirra. Þannig er þeim ekki heimilt að vinna nein þau störf fyrir einkaaðila, sem háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar.
6. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um Siglingamálastofnun ríkisins.